

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á soðnum eggjum og eggjarauðum.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög nr. 88/2005, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollskrárn.			kg	%	kr./kg
0408.1901	Gerilsneyddar eggjarauður með 7% saltinnihaldi í ≥ 5 kg umbúðum	01.01. - 31.12.10	ótilgr.	0	39
0408.9901	Soðin egg í ≥ 10 kg umbúðum	01.01. - 31.12.10	ótilgr.	0	91

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils.

3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til og með 31. desember 2010.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. nóvember 2009.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Arnór Snæbjörnsson.